



# Jöklarannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 76

Apríl 2000

### VORFUNDUR

Vorfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn í Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, Dunhaga 7 þriðjudaginn 25. apríl 2000 kl. 20:00. (**Ath. breyttan fundarstað**)

Dagskrá:

1. Borkjarni úr Langjökli *Þorsteinn Þorsteinsson*  
*jöklafræðingur*
2. Kaffihlé
3. Á Hekluslóð *Magnús T. Guðmundsson jarðeðlis-*  
*fræðingur*

## VORFUNDUR

### *Borkjarni úr Langjökli*

Í apríl 1997 var boraður 70 m langur ískjarni á norðurbungu Langjökuls. Ítarleg könnun var gerð á sýnilegri lagskiptingu í kjarnanum auk þess sem farið hefur fram samfelld mæling á rykinnihaldi hans við Alfred Wegener Institut í Bremerhaven. Þar voru einnig skornar þunnsneiðar úr kjarnanum til frumkönnunar á kristalgerð. Samsætuhlutföll í ísnum hafa verið mæld með massagreini Raunvísindastofnunar HÍ. Tvö öskulög greindust í kjarnanum og eru þau væntanlega ættuð úr Heklugosunum 1970 og 1980. Gerð hefur verið tilraun til greiningar árlaga í kjarnanum og er þá byggt á eftirfarandi forsendum:

1. Jökulís, sem myndast við hægfara fergingu snævar er bólóttur, en auk þess greinast í kjarnanum fjölmörg bólulaus íslög, mynduð við frystingu bræðsluvatns á yfirborði eða efst í snjólagi. Þykk lög af slíku tagi hljóta að vera mynduð að sumarlagi.
2. Ryklög í kjarnanum hafa feykst inn yfir jökulinn að sumar- eða haustlagi, er hálendið umhverfis hann er snjólaust.
3. Öskulög á 40 m og 60 m dýpi eru úr Heklugosunum 1980 og 1970.

Samkvæmt talningu árlaga nær kjarninn 37 ár aftur í tímann. Í fyrirlestrinum verða sýndar myndir frá boruninni á Langjökli, gerð grein fyrir rannsókn kjarnans og sagt frá áætlunum um frekari ískjarnaboranir hér á landi á næstu árum.

Þorsteinn Þorsteinsson

### *Á Hekluslód*

Eftir kaffihlé verða sýndar myndir frá Heklu og farið nokkrum orðum um síðustu gos og hvað er að sjá þegar Heklu er vitjað.

## AÐALFUNDUR JÖRFÍ 2000

Aðalfundur Jökларannsóknafélags Íslands var haldinn 28. febrúar 2000 í sýningarsal Ferðafélags Íslands Mörkinni 6.



Formaður Magnús Tumi Guðmundsson flutti skýrslu sína um starfsemi félagsins.

Garðar Briem gjaldkeri félagsins skýrði reikninga fyrir árið 1999 og voru þeir samþykktir athugasemdalaust.

Í aðalstjórn var Garðar Briem endurkosinn og Halldór Gíslason (yngri) kosinn í stað Alexanders Ingimarssonar sem ekki gaf kost á sér til frekari stjórnarsetu. Voru Alexander þökkuð vel unnin störf í stjórninni. Hann verður félaginu innan handar um ýmis störf enn um sinn. Í varastjórn var Hannes Haraldsson endurkosinn en Bryndís Brandsdóttir og Guðmundur Þórðarson voru kosin ný í varstjórn í stað Halldórs Gíslasonar yngri sem fór í aðalstjórn og Jóns Sveinssonar sem gaf ekki kost á sér til frekari stjórnarstarfa. Jóni voru og þökkuð giftudrjúg störf í þágu félagsins um langan tíma. Hann mun starfa áfram í rannsóknanefnd félagsins.

#### **Stjórn Jökларannsóknafélags Íslands skipa nú**

*Magnús Tumi Guðmundsson formaður* kosinn 1998 til 3 ára

*Oddur Sigurðsson varaformaður* kosinn 1999 til 2 ára

*Garðar Briem gjaldkeri* kosinn 2000 til 2 ára

*Halldór Gíslason yngri ritari* kosinn 2000 til 2 ára

*Steinunn Jakobsdóttir meðstjórnandi* kosinn 1999 til 2 ára.

#### **Varastjórn Jökларannsóknafélags Íslands**

1. Guðmundur Þórðarson

2. Bryndís Brandsdóttir

3. Ástvaldur Guðmundsson

4. Hannes Haraldsson

Nefndaskipan er sem hér segir:

- Rannsóknanefnd: Magnús Tumi Guðmundsson, formaður, Bryndís Brandsdóttir, Finnur Pálsson, Hannes Haraldsson, Jón Sveinsson, Oddur Sigurðsson, Steinunn Jakobsdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson.
- Skálanefnd: Sverrir Hilmarsson formaður, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Guðmundur Þórðarson, Jón Ísdal, Stefán Bjarnason og Vilhjálmur Kjartansson.
- BÍlanefnd: Þorsteinn Jónsson formaður, Árni Páll Árnason, Garðar Briem, Halldór Gíslason yngri, Sigurður Vignisson og Steinunn Jakobsdóttir.



- Ferðanefnd: Magnús Tumi Guðmundsson formaður, Árni Páll Árnason, Halldór Gíslason yngri, Hannes Haraldsson, Sjöfn Sigsteinsdóttir og Þorsteinn Jónsson.
- Ritnefnd Jökuls: Helgi Björnsson, Haukur Jóhannesson, Kristján Sæmundsson, Tómas Jóhannesson, Helgi Torfason, Leó Kristjánsson og Karl Grönvold.
- Fagritstjórar Jökuls: Bryndís Brandsdóttir og Halldór Gíslason yngri (félagslegt efni).
- Valnefnd: Sveinbjörn Björnsson var endurkjörinn til 3 ára en áfram sitja Stefán Bjarnason 2 ár í viðbót og Gunnar Guðmundsson í 1 ár.

## RÁÐSTEFNA UM HEIMSKAUTASVÆÐIN Á MARS

Jörð og Mars eiga það sameiginlegt að jöklar eru á heimskautasvæðum beggja hnattanna. Áhugi á könnun nágrannahnattarins fer nú mjög vaxandi og nær daglega berast nýjar myndir og gögn frá könnunarfarinu Mars Global Surveyor, sem verið hefur á braut um hnöttinn sl. 3 ár. Þá beinist áhugi Marsfræðinga talsvert til Íslands um þessar mundir, því ýmis jarðfræðileg fyrirbæri á landinu virðast eiga sér hliðstæður á Mars, t.d. stapafjöll mynduð við eldgos undir jökulum og ummerki jökulhlaupa og hamfaraflóða. Að beiðni NASA verður haldin ráðstefna um heimskautasvæðin á Mars í Reykjavík dagana 21.-25. ágúst nk. (Second International Conference on Mars Polar Science and Exploration). Kynntar verða nýjustu niðurstöður margvíslegra rannsókna á landslagi, jarðmyndunum, jökulum og loftslagi á heimskautasvæðum hnattarins, auk þess sem áætlanir um framtíðarkönnun hans verða ræddar frá ýmsum hliðum. Íslenskir vísindamenn munu kynna rannsóknir sínar á ofangreindum fyrirbærum og einnig verður rætt hvort reynsla sú sem fengist hefur með djúpkjarnaborunum á heimskautajökulum Jarðar geti nýst við framtíðarkönnun Marsjökllanna. Stefnt er að ýmiss konar fræðslu fyrir almenning í tengslum við ráðstefnuna. Fyrirspurnir má senda undirrituðum í tölvupósti eða hafa samband í síma 525 4935. Á heimasíðunni [www.lpi.usra.edu/meetings/polar2000](http://www.lpi.usra.edu/meetings/polar2000) má finna nánari upplýsingar um ráðstefnuna og tilgang hennar.

Þorsteinn Þorsteinsson



## FERÐ Á MÝRDALSJÖKUL

Helgina 29.-30. apríl er áætluð dagsferð á Mýrdalsjökul. Ætlunin er að aka upp á jökulinn og skoða aðstæður þar, m.a. fara yfir á Austmannsbungu og að Kötlukskollum, en frá þessum stöðum sjást vel sumir af sigkötlum Mýrdalsjökuls. Þá er ráðgert að mæla vetrarákomuna og verður kjarnabor tekinn með í því skyni. Félagið mun velja ferðadaginn og tíma og sjá um leiðsögn. Ferðin er opin öllum félagsmönnum. Fólk þarf hins vegar sjálft að útvega sér farartæki, jeppa eða vélsleða til fararinnar á jökulinn enda hefur félagið ekki tök á slíku. Þeir sem ekki hafa eigin farartæki verða að útvega sér far með öðrum. Veðrið mun ráða hvorn daginn farið verður og skýrist það þegar nær dregur. Nánari upplýsingar um ferðina gefa Halldór Gíslason yngri (s. 566 7077) og Magnús Tumi Guðmundsson (v.s. 525 5867, h.s. 552 6357).

Magnús Tumi Guðmundsson

### 15% AFSLÁTTUR HJÁ SEGLAGERÐINNI ÆGI

Útivist og gönguferðir eiga vaxandi vinsældum að fagna meðal Íslendinga. Árlega gengur fjöldi fólks um eyðibýggðir landsins með tjöld og annan útbúnað í poka á baki, þræðir fornar götur á milli byggða um torfæra jökla, fjallaskörð og eyðisanda. Aðrir láta sér nægja aðgengilegri leiðir í byggð. Hvarvetna heillar þó íslensk náttúra með fegurð sinni en minnir einnig á nauðsyn aðgæslu og fyrirhyggju - og góðs búnaðar.

Fegurð landsins og ánægjan sem fylgir útivist fer fyrir lítið ef öll athygli og orka beinist að erfiðleikum sem komið geta upp í gönguferðum, aumur og sárir fætur, blaut föt, lek tjöld o.s.frv. Erfiðleikum sem auðvelt er að komast hjá með góðum undirbúningi, góðum ráðum og góðum búnaði.

Seglagerðin Ægir hefur um árabíl boðið útivistarbúnað frá þekktum framleiðendum á góðu verði og lagt metnað sinn í að sinna þörfum hvers og eins. Félagar í Jöklarannsóknarfélaginu fá nú 15% afslátt á útivistarvörum í Seglagerðinni við Eyjarslóð í Reykjavík og í útivistarversluninni EVEREST við Skeifuna 6 en í þessum verslunum er nú eitt mesta úrval landsins af útivistarbúnaði.

Seglagerðin Ægir



### SPRUNGUSVÆÐI Á VATNAJÖKLI


Gosin á Vatnajökli á síðustu árum og framhlaup skriðjökla hafa valdið miklum breytingum á ákveðnum svæðum. Þess vegna eru ýmsar leiðir sem farnar hafa verið um jökulinn nú ófærar vegna sprungna. Vegna framhlaupsins í Dyngjujökli er leið á Vatnajökul um Dyngjuháls nú ófær, og á það reyndar við um allt svæðið norðan línu sem afmarkast af eftirtöldum punktum (sjá kort):

P1 64°36,0' N; 17°25,0' V suðvesturhorn Bárðarbungu

P2 64°29,0' N; 17°25,0' V suðvesturendi Gjalpar

P3 64°29,0' N; 17°00,0' V á Kverkfjallahrygg


P4 64°35,0' N; 16°50,0' V við Brúðarbungu sunnan Kverkfjalla





Eftir eldgoðið í Grímsvötnum í desember 1998 hefur jarðhiti aukist mikið í og við vötnin. Í kjölfar þess hafa myndast miklir sigkatlar norðan og austan við Grímsfjall þar sem áður lá leið upp á fjallið að skálum JÖRFÍ. Sú leið er nú alveg ófær og lífshættulegt að reyna að fara hana. Síðastliðið haust fannst leið upp á Grímsfjall úr austri, nokkru sunnar en eldri leiðir (sjá kort). Einnig hafa myndast sprungur vegna aukins jarðhita vestar á Grímsfjalli, milli Vestari Svíaahnúks og Háubungu, auk stækkunar sigkatla suðvestan við Eystri Svíaahnúk. Vegna þessara breytinga eru eldri GPS leiðarpunktur varasamir og fólki ráðlagt að leita sér upplýsinga um færar leiðir áður en lagt er í ferðir um Grímsvötn, eða í skála Jökларannsóknafélagsins á Grímsfjalli.

Magnús T. Guðmundsson og Ástvaldur Guðmundsson



## INNHEIMTA FÉLAGSGJALDA

Allvel hefur gengið í útgáfumálum Jökuls að undanfögnu og í framhaldi af því er nýbúið að senda út giróseðla fyrir félagsgjaldi sem á við 48. árgang Jökuls. Að þessu sinni er árgjaldið 3.200 kr. Vonir standa til að 49. árgangur komi einnig út á árinu og er þá ekki langt í að ritið okkar sé komið á rétt ról.

Oddur Sigurðsson